

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t Benedikts S. Benediktssonar
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 1. mars 2012

Efni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (408. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér tillögu að lögum um stjórn fiskveiða.

Ofangreint frumvarp felur í sér tillögu að breytingu á núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Í tillögunum felst uppstokkun á eignarhaldi og nýtingu veiðiheimilda. Það gerir ráð fyrir að öllum heimildum til að veiða úr nytjastofnum við Íslands strendur verði dreift á alla íbúa landsins þannig að þeim verði heimilt að hagnýta þær í 40 ár frá úthlutunardegi. Þessari yfirfærslu heimilda er ætlað að vera framkvæmd á næstu 40 árum, veiðiheimildir færðust þannig frá núverandi eigendum jafnt til allra Íslendinga.

Það fiskveiðistjórnunarkerfi sem hér er í gildi hefur verið umdeilt frá því það var fyrst sett á lagginnar. Reyndar mætti gera ráð fyrir að öll kerfi sem ætlað er að hafa stjórn á eins mikilvægri atvinnugrein og auðlind og sjávarútvegur er hér á landi muni ávallt vera umdeilt. Það verða alltaf mismunandi skoðanir á því hvernig best sé að stjórna nýtingu þessarar auðlindar og seint munu allir vera sammála um eina niðurstöðu.

Ofangreint frumvarp felur í sér tillögu sem er töluvert önnur nálgun en þær sem hafa verið ræddar fram að þessu. Þess tillaga er um margt áhugaverð og mætti skoða margt sem kemur fram í henni. Þó eru líklega einhverjir vankantar á framkvæmanleika hennar og hún hefur að geyma margar sérreglur sem yrðu erfiðar í framkvæmd og mjög líkleg til að spinna af sér mörg álitæfni, s.s. fjárfestingar í sjávarútvegi og breyting á eignarhaldi heimilda utan framsals, t.d. við erfðir eða einstaklingur flytur erlendis. Hætta er á að nýting veiðiheimilda verði ekki eins sjálfbær og hagkvæm og nú er. Tillagan þarfnast frekari skoðunar, meðal annars með tilliti til efnahagslegra áhrifa og nánari útfærslu þarf á mörgum þáttum framkvæmdar.

Eins og Viðskiptaráð hefur áður komið inn á í umsögnum er snerta breytingar á fiskveiðikerfi landsins þá er það mat ráðsins að það fiskveiðistjórnunarkerfi sem er nú til staðar þjóni hagsmunum þjóðarinnar vel. Kerfið stuðlar að háværkun á verðmætasköpun og hagkvæmni í greininni auk þess að markmiðum um sjálfbærni og vistvænar veiðar er fylgt eftir. Það kerfi er þó ekki gallalaust og má við endurskoðun eins og annað.

Í ljósi efnahagslegs mikilvægis sjávarútvegs þarf að stíga varlega til jarðar. Sérstaklega í eins viðkvæmu efnahagslegu ástandi og nú ríkir í samfélaginu. Að hrófla verulega við grunnstoðum atvinnulífs og samfélags er ekki ráðlagt nema að vel ígrunduðu máli og með nokkuð góðri vissu um að vel fari. Ísland þarf meira á stöðugleika að halda nú og markvissri uppbyggingu.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands